



Fundargerð

32. fundar stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn
þriðjudaginn 12. Apríl 2016 kl. 20:00 í sal C, á 3. hæð í Íþróttamiðtöð ÍSÍ

Mætt: Einar Vilhjálmsson, Jón H Steingrímsson, Stefán Skafti Steinólfsson. Einnig sat fundinn Árni Þorsteinsson framkvæmdastjóri FrÍ. Aðrir stjórnarmenn boðuðu forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar samþykkt: Fundargerð 29, 30 og 31 samþykktar, og birtar.
2. Fjármál.
 - 2.1. Ársreikningur 2015 lagður fram. Gjaldkeri fór yfir reikninga og helstu skýringar. Mikill viðsnúningur í rekstri kemur fram í reikningum fyrir árið 2015. SSS fagnar þessari góðu niðurstöðu, algjörum viðsnúningi í rekstri. Aðrir stjórnarmenn taka undir þau orð. Umræður um reikninga og lokafrágang þeirra.
 - 2.2. Lögð fram skýrsla til IAAF uppfærð í ljósi niðurstöðu ársreiknings. Framkvæmdastjóra falið að senda skýrsluna. Stjórn fagnar því að koma rauntölum úr árssreikningi inn í skýrsluna.
 - 2.3. Umræð um reikning ÍSÍ á félög og íþróttamenn vegna þátttöku á Smáþjóðaleikum 2015. Stjórn FRÍ samþykkir að veita þeim félögum og frjálsíþróttamönnum landsliðsverkefnastyrk er tóku þátt á Smáþjóðaleikum 2015. Styrkurinn er veittur til að jafna þá reikninga sem ÍSÍ lagði á frjálsíþróttamenn vegna þátttöku þeirra á Smáþjóðaleikum.
 - 2.4. Lokafrágangur og prentun á ársreikningi fer fram fyrir næsta fund stjórnar sem er áætlaður 19. apríl.
3. Tekinn var fyrir ráðningarsamningur framkvæmdastjóra í ljósi ráðningar í nóvember 2015 og samkomulags þar um. Stjórn felur formanni að ganga frá endurskoðun á ráðningarsamningi í samræmi við fyrra samkomulag frá nóvember 2015.
4. Undirbúningur þings: Lagðar fram tillögur til þings. Innsendar tillögur hafa verið sendar til laganefndar til umsagnar og afgreiðslu. Framkvæmdastjóra falið að skila lokalista frá sambandsaðilum vegna heiðursviðurkenninga á komandi þing. Rætt um starfsmenn þingsins og þingforseta. Uppstillingarnefnd er að störfum. Formaður áréttaði fyrri viljayfirlýsingu um að þakka fyrir sig á komandi þingi og bjóða nýjan formann velkominn til starfa.
5. Lagður fram tölvupóstur frá Þorsteini Þorsteinssyni varðandi skipun yfirdómara í tvö hlaup sumarsins. Framkvæmdastjóra falið að finna og skipa dómara í hlaupin.
6. Mótamál: Stjórn fagnar því að framkvæmdastjóri hefur náð góðum kjörum á flugi vegna meistarmóts smáþjóðanna á Möltu. Kostnaðaráætlun mótsins liggur fyrir í grófum dráttum og gerir ráð fyrir að kostnaðarþátttaka keppenda verði 35.000 kr.
7. Uppskeruhátið: Farið yfir staðsetningu og dagskrá
8. Önnur mál: Árangursviðmið og keppnisferðir. Lagt fram uppfært skjal vegna keppnisferða og kostnaðarþátttöku FRÍ og keppenda. Stjórn samþykkir þau viðmiðin sem stuðst verður við kostnaðaráætlum sambandsins fyrir árið 2016. Viðmið FRÍ verður að finna á heimsíðu FRÍ undir „Landslið“ og „Árangursviðmið og keppnisferðir 2016“

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 22:01.